

Aðalfundur FFÍ föstudaginn 1. apríl 2016 í Kennarahúsinu við Laufásveg.

Viðstödd: Jóhanna Björk, Sigurbjörg Gylfa, Eyjólfur, Margrét Helga, Fanný, Gérard, Sigríður Anna, Ásrún, Petrún, Sigurborg, Bergrós, Eve, Benjamin (kennaranemi í MS), Solveig.

Dagskrá:

1. Skýrsla formanns:

Jóhanna Björk Guðjónsdóttir, formaður, fór yfir skýrslu sína fyrir árið 2015-2016 og helstu viðburði félagsins frá síðasta aðalfundi (sjá skýrsluna í sérskjali).

Gerð var athugasemd við uppgefinn fjölda þátttakenda í vörnamskeiðinu 2015 og ætlaði Jóhanna að fá hann á hreint.

Skýrsla formanns var samþykkt.

2. Ársreikningur félagsins.

Sigurbjörg Gylfadóttir, gjaldkeri, fór yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2015.

Rætt um fjölda meðlima og virka/óvirka meðlimi og um styrk frá MMR sem nú er háð ákveðnum skilyrðum og ekki víst að félög fái hann næsta haust.

Staða í dag um 100.000 kr.

Ársreikningur samþykktur.

3. Félagsgjöld.

Stjórn lagði til að þau héldust óbreytt og var það samþykkt.

4. Kosning stjórnar.

Margrét Helga Hjartardóttir var kjörin formaður. Hulda Sif Birgisdóttir, Eva Leplat Sigurðsson og Emmanuelle Solveig Simha voru kjörnar einróma í stjórn.

Ásrún Lára Jóhannsdóttir var kjörin endurskoðandi reikninga og Sigurbjörg Gylfadóttir varaendurskoðandi reikninga.

- Hrefna Clausen heldur áfram sem fulltrúi félagsins í STÍL út þennan vetur.

- Eyjólfur Már Sigurðsson heldur áfram sem fulltrúi í ritstjórn Málfríðar.

5. Önnur mál.

- Kosning til nýrrar stjórnar í CEO mun fara fram á Heimsþinginu í Liège í sumar. Rætt um þátttöku félagsins í heimsþinginu í Liège og hver muni fara fyrir hönd félagsins.

- Erindi frá Ásdísi Rósu Magnúsdóttur í HÍ (sem Eyjólfur Már kynnti). Deild erlendra tungumála fékk styrk til kynningarmála sem mun nýtast til þess að útbúa netnámskeið sem er ætlað að hjálpa nemendum að brúa bilið milli A2 og B1 (milli framhaldsskóla og háskóla). Solveig benti á að Alliance Française í París sé með ókeypis netnámskeið MOOC (massive online open courses).

- Jóhönnu Björk, fráfarandi formanni, var færð gjöf frá félögum og fráfarandi stjórn þakkað fyrir góð störf.